4. gr. 13
Með lögum þessum eru úr gildi feldar 32., 36. og 37. gr. fátækralaganna 20. júní
frá 10. nóv. 1905 og önnur ákvæði, sem koma kunna í bága við þessi lög.

5. gr.
Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1924.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Kl. Jónsson.

LÖG 14
20. júní

um

tilbúning og verslun með ópíum o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.
Bannaður er tilbúningur, innflutningur og útflutningur á unnu ópíum og verslun með það.

Undir bann þetta falla og ópíumsleifar allar og hvers kyns afgangur, einnig það, sem eftir verður þegar ópíum er reykt.

2. gr.
Lyfsölum er heimilt að búa til og vinna úr, flytja inn og út og versla með óunnið ópíum og ópíum til lækninga, morfín, kókaín og heróín, svo og hverskonar efnisblöndun, sem í er meira en 1/5% af morfín eða meira en $^1/_{10}$% af heróín og kókaín. Dómsmálaráðuneytið semur nánari reglur um afhendingu lækna

14 á umgetnum lyfjum. Áfengisverslun ríkisins er heimilt að útvega læknum lyf
20. júní þessi frá útlöndum, svo sem önnur lyf.

Dómsmálaráðuneytið setur nánari ákvæði um tilbúning og úrvinslu, inn- og útflutning, svo og verslun og afhendingu á nefndum efnum, og setur reglur um eftirlit með slíkri iðju og verslun.

3. gr.

Unnið og óunnið ópíum, ópíum til læknislyfja, morfín, kókaín og heróín ber að skilja í lögum þessum samkvæmt skilgreiningum alþjóðaópíumfundar 23. janúar 1912.

4. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur úrskurðað, að ákvæði laga þessara gildi um öll ný efni, sem afleidd eru af morfín, kókaín eða söltum þeirra, eða hvert annað ópíumsalkaloid, enda hafi það sannast við vísindalega rannsókn, að misbrúka megi þau á líkan hátt eða að þau hafi lík skaðvænleg áhrif sem efni þau, er nefnd eru í 2. gr.

5. gr.

Brot á lögum þessum, eða reglum þeim, sem gefnar eru út samkvæmt þeim, varða sektum, alt að 10000 kr., eða fangelsi. Með málin skal farið sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.